

Fræsöfnun í skógi - barrtré

ALMENNAR UPPLÝSINGAR

Markmið: Færa nemendur nær náttúrunni, gefa innsýn í lífsferil trjáa og tengja það hefðum í jólahaldi. Þjálfar leikni nemenda á vettvangi og eflir hæfni í verklegu námi.

Námsgreinar: Náttúrufræði, stærðfræði, lífsleikni, trúarbragðafræði.

Aldur: Öll aldursstig.



VERKLÝSING

Farið í fræsöfnunarleiðangur á tímabilinu frá október fram í mars. Kortlagt hvar köngla er að finna, teknar prufur og spírunarhæfni prófuð, efniviður settur í geymslu til vorsins og könglarnir notaðir til skreytinga fyrir jólin.

Sótt er efni í skóg þegar fjallað hefur verið um verkefnið í upphafi kennslustundar eða næsta tíma á undan.

Barrtrjategundir eru kortlagðar fyrir fram eða í ferðinni og skráður aldur þeirra trjáa og staðsetning sem hafa að geyma köngla. Skráð er á pokana af hvaða tré hvaða könglar voru teknir og merkt með lýsingu eða borða svo hægt sé að rekja uppruna fræsins.

Könglarnir eru geymdir við stofuhita, gjarnan nálægt ofni, í bréfpoka eða opnum plastpoka. Spírunarhæfni fræsins er prófuð áður en það er sett í geymslu með því að setja t.d. 10 fræ í vota bómull og telja síðan þau sem spíra.

Þegar könglarnir hafa opnað sig má hrista þá í pokanum kröftuglega eða slá könglinum niður á borðið með því að halda öðrum lófanum þannig að hann varni því að fræin spýtist úr um allt.

Könglana má síðan nota til skreytinga. Ef spírunarhæfni fræsins reynist góð má nýta það til að sá til skógarplantna með vorinu.

UNDIRBÚNINGUR, NÁMSEFNI, TÆKI OG TÓL

Pokar úr plasti, taui eða pappír fyrir hvern og einn eða sameiginlegt.

Hlýr fatnaður og góðir hanskar fyrir þá sem týna furukönglana því þeir eru með gadda sem stinga og furukönglar geta líka verið nokkuð fastir á greinum furunnar.

E.t.v. þarf stiga til að komast upp til að ná grenikönglunum en furan byrjar ung að framleiða fræ og er því auðvelt að ná könglum af minni furutrjánnum. Lerkiköngla er oft að finna neðan til á greinum lerkisins.

Merkipenna þarf til að skrifa utan á pokana, af hvaða tré könglarnir eru.